

Stjórnarfundur 24. apríl 2017

Mættir: Hjörtur Bergstað, Marianna Gunnarsdóttir, Leifur Arason, Sigurlaug Anna Auðunsdóttir, Kristrún Agústsdóttir, Jón Finnur Hansson, Heiðrún Sigurðardóttir og Svafar Magnússon

Málefni tekin fyrir á afmælisdegi Fáks:

1. Fundargerð síðasta fundar

Borin upp og samþykkt samhljóða.

2. Reiðveganefnd – skipun nefnda

Skipa þarf nýja reiðveganefnd. Leitað er að 2-3 félagsmönnum sem hafa áhuga á að sinna þessu mikilvæga verkefni.

3. Deiliskipulag – auglýsing

Breytingar á deiliskipulagi á Fákssvæðinu hafa verið samþykktar án athugasemda. Áætlað er að auglýsa lóðir fyrir reiðhallir til leigu sem fyrst. Unnið er að því að ákvarða leiguskilmála vegna þessa.

4. Kaffihlaðborð

Ákveðið að breyta kökuhlaðborði kvennadeildar þann 29. apríl í 95 ára afmælisveislu Fáks með samþykki kvennadeildar. Fáksmenn taka á móti Harðarmönnum og bjóða í kaffi og kökur. Rætt um að fá Helga til að vera með erindi um sögu Fáks.

5. Ónýtir skúrar, gámar og rusl í Almannadal

Samansafn af alls konar skúrum, gámum og drasli er í óleyfi á ýmsum óbyggðum lóðum í Almannadal. Þetta mál hefur verið í ferli hjá Reykjavíkurborg í nokkurn tíma. Heiðrún og Jón Finnur munu ýta fastar á eftir Reykjavíkurborg að finna lausn á þessu.

6. Sýning og ball

Almenn ánægja var meðal Fáksmanna með Stórsýningu Fáks og ballið í kjölfarið. Léttur andi og jákvæðni voru einkennandi í kringum viðburðinn. Flest allt tókst með eindæmum vel en óánægja var með ljósastjórnun á sýningunni.

7. Reykjavíkurmót - styrktaraðilar

Auglýsa þarf Reykjavíkurmót sem fyrst. Mótið var of langt síðast, ýmsar leiðir til að stytta mótið ræddar. Stjórnin samþykkir að reynt verði að fækka skráningum eins og hægt er án þess að eyðileggja mótið. Lagt til að skeiðkappreiðagreinar verða helgina áður en gæðingaskeiðið með hinum flokkunum. Mótanefnd og Jón Finnur finna bestu lausnina í sameiningu. Búið er að fá styrki fyrir nokkrum flokkum. Svafar tekur að sér að ræða við mögulegan aðalstyrktaraðila mótsins og að panta verðlaun.

8. Hvammsvöllur og mön

Staðan á Hvammsvelli og mön rædd. Staðan er góð og verið er að leggja síðustu lögin og fínþússa.


9. Reiðhöll – viðhald og breytingar.

Battar verða lækkaðir í sumar og skipt um efni. Leifur mun fara yfir með stjórn reiðhallarinnar hvað þarf fleira að gera og koma því áfram til Reykjavíkurborgar. Stækkun á reiðhöll rædd.

10. Önnur mál

- a. Hestaleigur – Eigendur hestaleigunnar Íslenski hesturinn (Bergljót Rist og Sveinn Atli Gunnarsson) mættu á fundinn til að ræða stöðu hestaleigunnar gagnvart hinum almenna reiðmanni. Gagnlegt samtal um hvernig málin standa gagnvart báðum aðilum. Ákveðið í framhaldinu að boða til fundar með aðstandendum hestaleiga á Fákssvæðinu þar sem farið verður betur yfir málin og aðstöðugjöld m.a. kynnt.
- b. Rætt um að loka reiðstígum fyrir bílaumferð við reiðhöllina sem og setja upp skilti við stóra hringinn með rekstartíma.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.


Hilmar Bj